



Undirritun þjónustusamninga við leikskólasvið Reykjavíkurborgar

Þann 19. maí síðast liðinn fór fram undirritun þjónustusamnings milli nítján sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík og leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. Þetta var mjög mikilvægur áfangi sem átti sér umtalsverðan aðdraganda eða fjögurra ára vinnu við þróun og útfærslu. Undirritunin fór



fram í húsakynnum Leikskóla KFUM og KFUK á Holtavegi þar sem Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri, undirritaði nýja samninginn fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Til undirskriftar mættu einnig Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir formaður leikskólaráðs, Ragnhildur Erla Bjarnadóttir sviðsstjóri, Kristín Egilsdóttir fjármálastjóri ásamt fleiri fulltrúum frá leikskólasviði. Mesti ávinningur samningsins felur í sér að Reykjavíkurborg tryggir að sama fé fylgi barni óháð því hvert rekstrarform leikskólans er.



Rösklega níu hundruð börn dvelja í sjálfstætt starfandi leikskólum í borginni og hefur leikskólaplássum í þeim fjölgað um tæp fjögur hundruð frá árinu 2006. Ekki er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna þessara samninga í fjárhagsáætlun borgarinnar á yfirstandandi ári.

Fram kemur í tilkynningu frá Reykjavíkurborg, að samið sé að nýju við 17 rekstraraðila um rekstrarframlög vegna 19 sjálfstætt starfandi leikskóla. Þar af nái samningarnir til fimm svokallaðra ungbarnaleikskóla fyrir börn á aldrinum 6 til 36 mánaða. Samningarnir taki mið af ákvæðum nýrra leikskólalaga um hlutfall fagmenntaðra starfsmanna á leikskólum og tryggja sama aðgengi að sérkennslufjármagni og í leikskólum borgarinnar.

Af aðalfundi SSSK 2010

Aðalfundur SSSK var haldinn 29. apríl síðast liðinn og heppnaðist afar vel. Á heimasíðu samtakanna www.sssk.is má nú nálgast umfjöllun um aðalfundinn, skýrslu stjórnar og ársreikning 2009. Auk þess má sjá þar myndir frá fundinum. Hér til hliðar er mynd af nýkjörinni stjórn SSSK. Í aðalstjórn voru kosnar: Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, varaformaður, Guðrún Björnsdóttir, meðstjórnandi, Lovísa Hallgrímsdóttir, ritari og Margrét Theodórsdóttir, gjaldkeri. Þetta er óbreytt stjórn frá síðasta ári. Í varastjórn voru kosin: Ída Jensdóttir, Snorri Traustason og Jón Örn Valsson.

